

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík

sími: 545 8600 postur@uar.is

umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 19. október 2021

Tilv.: UMH21100021/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis yðar, f.h. Brjáluðu gimbrarinnar ehf., sem barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 7. október sl.

Í erindinu er sótt um tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem kröfu um kynningarferli skv. 3. mgr. 7. gr. sömu laga hefur ekki verið fullnægt, fyrir starfsemi í örsláturhúsi í Birkihlíð í Skagafirði. Fram kemur að þann 7. október sl. hafi verið sótt um starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra vegna fyrirhugaðs örsláturhúss og vegna málsins hafi umsækjandi verið í samstarfi við Matvælastofnun en hvergi hafi komið fram að þörf væri á starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna starfseminnar. Fyrirhugað er að slátra að hámarki 30 lömbum á dag og stefnt er að því að slátra um 50 til 60 lömbum í ár.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Umrædd starfsemi fellur undir tölul. 90 í viðauka IV við lögin.

Ráðherra er heimilt skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé m.a. komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra þann 8. október sl. og var afrit sent Matvælastofnun.

Umsögn barst frá Umhverfisstofnun með bréfi, dags. 8. október sl. Í umsögninni er bent á að samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Samkvæmt upplýsingum frá heimasíðu Heilbrigðiseftirlits

Norðurlands vestra hafi umsókn um starfsleyfi borist til útgefanda starfsleyfis, starfsleyfisskilyrði séu í auglýsingu og frestur til að skila athugasemdum og ábendingum sé til 6. nóvember 2021. Í beiðni umsækjenda komi fram að ástæða umsóknar um tímabundna undanþágu sé sú að umsækjandi vilji hefja rekstur örsláturhúss í Birkihlíð í Skagafirði þar sem slátrað verður að hámarki 30 lömbum á dag. Umsækjandi bendi á að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því að um starfsleyfisskylda starfsemi hjá heilbrigðisnefnd væri að ræða fyrir en Matvælastofnun hafi bent umsækjanda á það og að umsækjandi hafi verið í samstarfi við Matvælastofnun sem áætli að koma í úttekt hjá umsækjanda. Umsækjandi hafi nú sótt um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra en vilji hefja rekstur áður en kynningarferli skv. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 er liðið, en fyrirséð er að auglýsa þurfi starfsleyfistillögu í fjórar vikur áður en starfsleyfi er gefið út. Umsækjandi hafi því sótt um undanþágu frá kröfunni um starfsleyfi. Umhverfisstofnun bendi á að skilyrði fyrir undanþágu er að rík ástæða mæli með því að hún sé veitt. Stofnunin telji eðlilegt að rekstraraðilar kynni sér rekstrarumhverfi sitt og þau skilyrði sem uppfylla þurfi, þ.m.t starfsleyfisskyldu. Umsækjandi hefði þá mátt sjá fram á að útgáfa starfsleyfis fyrir örsláturhús gæti tekið tíma og sjái stofnunin ekki að rík ástæða eða brýn þörf sé til staðar fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi. Umhverfisstofnun telji því æskilegra að starfsleyfisútgáfan fylgi lögmætu ferli og starfsleyfi gefið út.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra barst ráðuneytinu með tölvupósti þann 12. október sl. Í umsögninni kemur fram að nefndin veiti jákvæða umsögn um að veitt verði undanþága frá 5. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti, þar sem gerð sé krafa um að lágmarki fjögurra vikna auglýsingartíma á drögum að starfsleyfi, fyrir starfsemi Brjáluðu gimbrarinnar ehf. að Birkihlíð í Skagafirði. Um sé að ræða minniháttar starfsemi sem sé í umtalsverðri fjarlægð frá óskyldum nágrönnum og atvinnurekstri. Það sé því afar ólíklegt að það berist athugasemdir við samræmd starfsleyfisskilyrði sem séu nú til auglýsingar á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra. Verði umrædd undanþága veitt muni nefndin gefa út starfsleyfi til tveggja mánaða og að þeim tíma liðnum verði farið yfir þær athugasemdir sem kunni að berast vegna auglýstra skilyrða og tekið tillit til þeirra við afgreiðslu málsins til lengri tíma. Heilbrigðiseftirlitið hafi tekið út húsnæðið, fráveita frá aðstöðunni sé tengd fitugildru og forsvarsmenn starfseminnar hafi fallist á að starfsemin verði rekin í samræmi við auglýst starfsleyfisskilyrði.

Með tölvupósti þann 15. október sl. barst yfirlýsing frá Matvælastofnun. Í yfirlýsingunni kemur fram að skv. 1. mgr. 7. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 skuli stjórnvald veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess. Matvælastofnun gefi út starfsleyfi til lítilla sauðfjársláturhúsa, sbr. reglugerð þar að lútandi nr. 500/2021 og hafi upplýst umsækjendur um skyldur þeirra samkvæmt þeirri reglugerð og lögum nr. 93/1995 um matvæli, enda hvort tveggja á starfssviði stofnunarinnar. Við vinnslu umsókna hafi komið í ljós að umsækjendur þurfi að auki að sækja „mjög tímanlega um leyfi vegna umhverfismengunar sláturhúsa til hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlits“ á grundvelli 5.gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit. Matvælastofnun hafi því miður láðst að upplýsa umsækjendur tímanlega um þessa kvöð, enda ekki beint á starfssviði stofnunarinnar. Afleiðingarnar hafi verið óheppilegar. Í ljósi þessa mæli Matvælastofnun með því að sú tímabundna undanþága frá kröfum um starfsleyfi sem tilgreint er í 4. mgr. 5. gr. verði nýtt af ráðherra, að öðrum kröfum uppfylltum. Starfsemi Birkihlíðar í Skagafirði þurfi að hefjast sem allra fyrst þar sem lambasláturhús séu einungis starfandi að hausti eða þar til hrútlömb lykta af kynþroska og miðað sé við októbermánuð til að ná fullum kjötgæðum. Leyfi Matvælastofnunar fyrir Brjáluðu gimbrina ehf. verði gefið út á næstu dögum. Fyrstu starfsleyfi frá Matvælastofnun séu alltaf tímabundin. Verði undanþága ekki veitt munu þessar starfsstöðvar ekki geta hafið starfsemi fyrir en að ári. Með tölvupósti til ráðuneytisins þann 18. október sl. bendir Matvælastofnun á þá brýnu ástæðu sem mæli með veitingu undanþágu að umsækjandi hafi fengið misvísandi upplýsingar frá stofnunni um leyfisumsóknir sem gátu hæglega túlkast þannig að einungis þyrfti leyfi Matvælastofnunar.

Forsendur fyrir veitingu tímabundinnar undanþágu frá starfsleyfi, skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, er að ríkar ástæður mæli með henni og að komin sé fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis. Einnig, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar, sem á ekki við í þessu tilviki. Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, eru starfsleyfisútgáfan fyrir Brjáluðu gimbrina ehf. að Birkihlíð 551, Sauðárkróki, til kynningar á vef Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og því ljóst að umsókn um starfsleyfi hefur borist heilbrigðisnefnd og verið metin fullnægjandi. Frestur til að gera athugasemdir við starfsleyfisútgáfu eru til 6. nóvember nk. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að rekstraraðilar kynni sér rekstrarumhverfi sitt og þau skilyrði sem þarf að uppfylla og bendir á að umsækjandi hefði þá mátt sjá fram á að útgáfa starfsleyfis fyrir örsláturhús gæti tekið tíma. Stofnunin telur ekki að til staðar sé rík ástæða eða brýn þörf fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi og æskilegra að starfsleyfisútgáfan fylgi lögmætu ferli og starfsleyfi gefið út. Heilbrigðisnefnd leggur í umsögn sinni áherslu á að starfsemin er minniháttar, í umtalsverðri fjarlægð frá óskyldum nágrönnum og atvinnurekstri og ólíklegt að það berist athugasemdir við samræmdu starfsleyfisútgáfu og er því jákvæð fyrir veitingu undanþágu. Í yfirlýsingu Matvælastofnunar, þann 15. október sl., um upplýsingagjöf til umsækjenda um slátrun í litlum sláturhúsum kemur fram að stofnuninni hafi því miður láðst að upplýsa umsækjendur um að afla beri starfsleyfis heilbrigðisnefndar. Starfsemin þurfi að hefjast sem allra fyrst þar sem nú sé sláturtíð og lömbum þarf að slátra í október áður en hrútlömb lykta af kynþroska til að ná fullum kjötgæðum.

Ráðuneytið telur, með hliðsjón af þeim upplýsingum sem Matvælastofnun veitti umsækjanda, að umsækjandi hafi mátt ætla að það þyrfti einungis leyfi frá Matvælastofnun fyrir rekstri sláturhúss og því hafi umsækjandi ekki sótt um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar í tæka tíð og í ljósi þess að nú er sláturtíð og að lömbum þarf að slátra í október áður en hrútlömb lykta af kynþroska til að ná fullum kjötgæðum, að fram séu komnar ríkar ástæður sem leiða til þess að þörf er á undanþágu frá kröfu um starfsleyfi hvað varðar starfsemi sláturhússins.

Í ljósi þessa, framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, yfirlýsingar Matvælastofnunar og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, veitir ráðuneytið hér með Brjáluðu gimbrinni ehf. kt 420616-0820, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir sláturhús í Birkihlíð í Skagafirði. Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Fylgja skal skilyrðum starfsleyfis tillögu þeirrar er Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra hefur nú þegar auglýst og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit varðandi upplýsingagjöf til umsækjenda sem byggja á reglugerð nr. 500/2021 um slátrun í litlum sauðfjár- og geitasláturhúsum.
2. Starfsemin er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri starfsemi sem undanþágan nær til. Brjálaða gimbrin ehf. ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra gæti í eftirliti þurft að fylgja eftir kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 15. nóvember 2021.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Matvælastofnun  
Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra